

LEIKSÝNINGIN KRAKKARNIR Í HVERFINU

Til forráðamanna

Í dag sáu börnin í bekknum leiksýningunni Krakkarnir í hverfinu. Sýningin stendur öllum börnum í 2. bekk í grunnskólum landsins til boða og er ætluð að auðvelda börnum að segja frá ofbeldi sem þau mögulega verða fyrir. Boðskapur sýningarinnar er: *Þú færð hjálp ef þú segir frá.*

Krakkarnir í hverfinu er leikþáttur þar sem brúður eru notaðar til að fræða börnin um ofbeldi og mikilvægi þess að börn segi frá. Brúðurnar ræða saman um það sem þær hafa lent í. Jóhanna segir frá því hvernig kærasti mömmu hennar snerti hana á óviðeigandi hátt og hvaða hjálp hún fékk eftir að hún sagði frá. Stefán segir vini sínum frá því hvernig mamma Stefáns beitti hann ofbeldi og hvernig þau fengu bæði hjálp eftir að hann sagði kennaranum sínum frá.

Af hverju Krakkarnir í hverfinu? Með því að nota brúður til að tala við og svara spurningum um þennan viðkvæma málaflokk er oft hægt að ná betur til barna. Námsráðgjafi, félagsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur eða sálfræðingur eru viðstaddir hverja sýningu og fulltrúum barnaverndar eða félagsþjónustu er einnig boðið á sýninguna. Brúðustjórnendur eru Helga Arnalds, Sólveig Guðmundsdóttir og Alexia Björg Jóhannesdóttir.

Frekari upplýsingar um leikritið veitir Helga Arnalds - helga@tiuvingur.is.

Þá eru á vef Velferðarráðuneytisins upplýsingar um verkefnið og annað fræðsluefni tengt ofbeldi gegn börnum: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/ofbeldi-gegn-bornum-fraedsluefni/> og á vefnum 112 má nálgast upplýsingar um velferð barna: <https://www.112.is/velferd-barna>

Bendum einnig á að hægt er að nálgast upplýsingar um allar barnverndarþjónustur á heimasíðu Barna- og fjölskyldustofu á eftirfarandi slóð: <https://island.is/s/bofs/barnavernd-efir-sveitarfeloegum>

Mennta- og barnamálaráðuneytið gerði samning um verkefnið við leikhúsið 10 fingur, en Barna- og fjölskyldustofa heldur utanum verkefnið.



10 FINGUR